

Ár 2010, þriðjudaginn 27. apríl kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Róbert Hlöðversson og Steinar Rafn Garðarsson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram.

**Dagskrá:**

- 1. Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2009, síðari umræða.**
- 2. Skipan í nefndir og ráð samkvæmt samþykktum bæjarins.**

Hér var gengið til dagskrár

**1. Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2009, síðari umræða.**

Lagður fram til síðari umræðu ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2009.

Eftirtaldir tóku til máls: Eyþór H. Ólafsson, Herdís Þórðardóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Róbert Hlöðversson, Steinar Garðarsson og Unnur Þormóðsdóttir.

Meirihluti Sjálfstæðismanna lagði fram eftirfarandi bókun með ársreikningi 2009:

Í umfjöllun meirihlutans um ársreikning ársins 2009 verður fjallað um samantekin reikningsskil bæði sveitarsjóðs og A og B hluta fyrirtækja sveitarfélagsins. Rekstur B hluta fyrirtækjanna; fráveitu, vatnsveitu og félagslegra íbúða hefur lítil áhrif á endanlega niðurstöðu ársreiknings í samanteknum reikningsskilum en niðurstaða bæjarsjóðs er neikvæð um 96,7 mkr á meðan að niðurstaða samantekinna reikningsskila er neikvæð um 95,4 mkr. Því er hér fjallað um niðurstöðu reksturs bæjarfélagsins í heild sinni enda teljum við það gefa réttari mynd af rekstrinum heldur en ef eingöngu væri fjallað um sveitarsjóð.

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá að niðurstaða ársins 2009 er mun betri heldur en lagt var af stað með í upphafi árs og má þakka það afbragðs góðri vinnu forstöðumanna og starfsmanna bæjarfélagsins sem allir sem einn hafa lagt sig fram um að hagræða hvar sem það var mögulegt. Í upphafi árs var gert ráð fyrir tapi af rekstri Hveragerðisbæjar uppá tæpar 137 mkr en niðurstaðan í lok árs er tap uppá 95 mkr sem er 7% af tekjum. Þarna er viðsnúningur um rúmlega 41 mkr eða 30% að ræða. Ef litið er til ársins 2008 hefur rekstur bæjarins batnað um 46 prósent en niðurstaða ársins 2009 er 82 milljónum betri en þá var.

Rekstrarumhverfi á landinu er erfitt nú um stundir og gildir það hér í Hveragerði sem og annar staðar. Í ársreikningi kemur fram að heildartekjur bæjarins námu rúmlega 1.363 mkr. og rekstragjöld rúmum 1.213 mkr. Afskriftir voru ríflega 57 mkr en fjármagnsliðir námu ríflega 188 mkr. Niðurstaða rekstrarreiknings samstæðu bæjarins var því eins og áður sagði neikvæð um 95,4 mkr. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að verðbólga yrði 7% en hún endaði í 8,6%. Verðbólga orsakar 118 mkr auka fjármagnsgjöld hjá Hveragerðisbæ.

Á árinu var farið í umtalsverðar fjárfestingar eða 158 mkr. Þar ber hæst fjárfestingu í götum og gangstéttum: 67,8 mkr, kaup bæjarfélagsins á Sólborgarsvæðinu: 63,7 mkr og kaup á "Mjólkurbúinu": 23,4 mkr. Aðrar fjárfestingar voru minni í sniðum. Afborganir eldri lána námu 150 mkr á árinu og óhagstæðar skammtímaskuldir voru greiddar niður um 57 mk. Til þessa voru tekin ný langtímalán að upphæð 283 mkr.

Heildarskuldir án lífeyrisskuldbindinga nema nú um 1.617 mkr og hafa hækkað um 182 mkr milli ára. Þar af er skuldaaukning vegna verbólgu rúmar 118 mkr. Skuldir á íbúa nema nú 702 þúsundum sem er mun lægra en íbúar margra sveitarfélaga búa við í dag. Enn vonumst við eftir að bönd náist á verðbólguna þannig að rekstrargrunnur fyrirtækja og heimila í landinu verði tryggður.

Það er ljóst að við búum nú við efnahagslegt ástand sem engan gat órað fyrir. Þrátt fyrir það er rekstur bæjarfélagsins í traustum skorðum og allt tal um annað er óábyrgt og til þess eins fallið að slá ryki í augu kjósenda nú í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

Í greinargerð skoðunarmanna kemur fram að Hveragerði sé á margan hátt ágætlega í sveit sett þegar litið er til margra annarra sveitarfélaga. Ekki er um erlend lán að ræða og tekjur eru ekki háðar einstaka umsvifamiklum aðilum eða fyrirtækjum sem eiga erfitt uppdráttar í núverandi efnahagsumhverfi.

Umbeðnar sundurliðanir minnihlutans sem óskað var eftir við fyrri umræðu hafa verið lagðar fram af skrifstofustjóra á milli umræðna.

Aldís Hafsteinsdóttir  
Eyþór H. Ólafsson  
Guðmundur Þór Guðjónsson  
Unnur Þormóðsdóttir

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Framlagður ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2009 sýnir svo ekki verður um villst að fjárhagsstaða bæjarins er mjög slæm. Rúmlega 95 mkr. halli er á rekstri bæjarins.

Ljóst er að þessi halli væri enn meiri ef ekki hefði komið til 105 mkr. tjónabætur vegna jarðskjálftanna 2008. Lítil hluti þessara bóta eða tæpar 15mkr hefur verið varið í viðgerðar vegna tjóna, 31mkr fóru til lækunnar á rekstrarhalla bæjarins sem réttilega ætti því að vera um 130 mkr. Jafnframt eru 38mkr sem fengust fyrir Ullarþvottastöðina notaðar til lækkunar á skuldum bæjarins.

Heildarskuldir án lífeyrisskuldbindinga hækkuðu um rúmlega 181 mkr. frá árinu 2008 og nema núna 1.617 mkr. Skuldir á íbúa hafa hækkað um 13,3% á milli ára, úr tæplega 620 þús. kr. í rúmlega 702 þús. kr per íbúa. Á sama tíma hafa eignir bæjarins einungis hækkað um 5%. Tekin voru ný lán að upphæð 283mkr., en fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum var 158mkr. Þetta sýnir að meirihluti sjálfstæðismanna er að taka lán til rekstrar. Þess ber að geta að í stjórnartíð sjálfstæðismanna þetta kjörtímabilið hafa skuldir per íbúa hækkað um rúmlega 80%.

Séu lífeyrisskuldbindingar meðtaldar nema heildaskuldir um 2.000 mkr. Heildartekjur samstæðunnar á árinu námu 1.364 mkr. Heildarskuldaða í hlutfalli við heildartekjur er því 138%. Þetta þýðir t.d. að ef Hveragerðisbær sækir um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga þarf umsóknin að fara fyrir stjórn Lánasjóðsins, sem er samkvæmt lánareglum sjóðsins ef skuldsetningin er komin yfir 125% hjá bæjarfélögum. Þetta sýnir glögglega að skuldsetning bæjarins er farin að torvelda að bæjarfélagið geti fjármagnað sig á bestu mögulegum kjörum.

Ýmsar aðrar kennitölur úr ársreikningnum gefa ástæðu til að hafa þurfi áhyggjur af fjárhag bæjarins. Þar ber að nefna að eigið fé bæjarins lækkaði um 44% á milli ára, sem er gríðarlega mikil lækkun á einu ári. Veltufjárhlutfallið, sem segir til um greiðsluhæfni, er komið niður fyrir 1 sem þýðir að bæjarsjóður gæti lent í greiðsluferfiðleikum þar sem veltufé nægir ekki fyrir þeim skuldum sem greiða þarf um næstu mánaðarmót. Að lokum má benda á að þó að handbært fé frá rekstri sé jákvætt tekur það bæjarfélagi núna rúmlega 80 ár að greiða niður langtímaskuldir, en tók einungis 14 ár 2006 þegar sjálfstæðimenn tóku við stjórn bæjarins.

Að ofangreindu er auðséð að fjárhagur og rekstur bæjarins er í rúst eftir 4 ára valdatíð sjálfstæðismanna. Grípa þarf til víðtækra aðhaldsaðgerða. Skuldapol bæjarins er brostið og því þarf að snúa skuldasöfnun í skuldaniðurgreiðslu. Lækkun fjármagnskostnaðar er lykilatriði eigi að koma fjárhag bæjarins á réttan kjöl á ný, auk þess þarf að huga að hagræðingu á öllum sviðum rekstrarins. Reynslan á liðnu kjörtímabili sýnir að sjálfsæðismönnum eru ekki treystandi til að leysa þetta verkefni.

Herdís Þórðardóttir

Róbert Hlöðversson

Steinar Rafn Garðarsson

Kl. 17:18 var gert fundarhlé.

Kl. 17:54 hélt fundur áfram.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Það er með ólíkindum að verða vitni að þeim málflutningi sem hér er lagður fram og greinilegt að fátt er í raun hægt að setja út á í rektri bæjarins.

Það er furðulegt að sjá í bókun frá bæjarfulltrúum sem setið hafa í bæjarstjórn í fjögur ár eða lengur jafn miklar rangfærslur og hér eru lagðar fram.

Þegar rætt er um að tjónabætur hafi minnkað rekstrartap bæjarsjóðs þá er rétt að hafa í huga að fyrir þær réðst bæjarfélagið í umtalsverðar viðhaldsframkvæmdir bæði á húseignum bæjarins, gatna- og fráveitukerfi og kostnaður vegna þess annars vegar gjaldfærður og hins vegar færður til lækkunar á fjárfestingu.

Í máli bæjarfulltrúa A-listans kom fram að miða bæri við að annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum færi ekki yfir 31% en í dag er þetta hlutfall 38,6%. Munurinn er 100 milljónir. Það væri fróðlegt að heyra með hvaða hætti frambjóðendur A-listans hyggjast ná

Þessum sparnaði. Rétt er að benda á til samanburðar að allur rekstrarkostnaður leikskólans Óskalands er 91 milljón króna á ári.

Við erum stolt af því að bæjarstjórn í sameiningu tók þá ákvörðun að vernda störf starfsmanna bæjarins og standa vörð um grunnþjónustuna. Við það höfum við staðið og engum starfsmanni bæjarfélagsins verið sagt upp af völdum efnahagsástandsins.

Það er því sorglegt að verða vitni að því að bæjarfulltrúar A-listans boða nú viðtækan niðurskurð sem ekkert getur þýtt annað en uppsagnir starfsmanna og niðurskurð grunnþjónustu.

Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að halda vel utan um samfélagið okkar. Tímabundnir erfiðleikar mega aldrei verða til þess að brjóta niður innviði með þeim hætti sem hér er boðað af fulltrúum A-listans. Við treystum okkur í áframhaldandi vinnu fyrir bæjarbúa enda vitum við fullvel að staða sveitarfélagsins er ekki í neinu samræmi við þá svartsýni sem fulltrúar A-listans draga hér upp.

Aldís Hafsteinsdóttir

Eyþór H. Ólafsson

Unnur Þormóðsdóttir

Guðmundur Þór Guðjónsson

Kl. 17:55 vék Herdís Þórðardóttir af fundi og Viktoría Kristinsdóttir tók sæti hennar á fundinum.

Kl. 17:55 var gert fundarhlé.

Kl. 18:20 hélt fundur áfram.

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Meirihluti sjálfstæðismanna sakar minnihlutann um rangfærslur í bókun sinni en færir engin rök fyrir hvers eðlis þessar rangfærslur eru. Bent er á að allar þær tölur sem vitnað er í eru teknar beint úr ársreikningi bæjarins. Það er merkilegt að sjá að þegar minnst er á hagræðingu í rekstri bæjarins skuli sjálfstæðismönnum ekki detta neitt annað í hug en uppsagnir starfsfólks. Það er víðs fjarri að minnihlutinn sé að tala um uppsagnir starfsfólks enda er verið að benda á sparnað í öðrum rekstrarkostnaði en ekki í liðnum laun og launatengd gjöld. A-listinn er félagshyggjuafli og mun að sjálfsögðu standa vörð um störf starfsmanna bæjarins og grunnþjónustu.

Róbert Hlöðversson

Steinar Rafn Garðarsson

Viktoría Kristinsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkti ársreikning Hveragerðisbæjar fyrir árið 2009.

Bæjarstjóri og bæjarstjórn staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni á reikninginn. Bæjarstjórn þakkar starfsmönnum Hveragerðisbæjar og endurskoðanda vel unnin störf við gerð þessa ársreiknings.

**2. Skipan í nefndir og ráð samkvæmt samþykktum bæjarins.**

Lögð fram tillaga um að Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir verði varamaður í kjörstjórn í stað Magneu Árnadóttur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:42

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Róbert Hlökkversson, (sign).

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign).

Viktoría Kristinsdóttir, (sign).

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Steinar Rafn Garðarsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Helga Kristjánsdóttir, (sign).